

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Rjúpnahæð – norðurhluti. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 7. september 2006 tillögu að deiliskipulagi í Rjúpnahæð - norðurhluta.

Tillagan; deiliskipulagsuppráttur, skýringaruppráttur, greinargerð og skipulags-skilmálar, var lögð fram og samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 22. nóvember 2005 og skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 4. janúar til 1. febrúar 2006 með athugasemdafresti til 15. febrúar 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 21. mars 2006 ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum ásamt umsögn bæjarskipulags. Er umsögnin dags. 7. mars 2006 og breytt 14. mars 2006. Með tilvísun í framkomnar athugasemdir og ábendingar samþykkti skipulagsnefnd að gerðar verði eftirfarandi breytingar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Rjúpnahæðar - norðurhluta:

- Endanlegri legu reiðvega og göngustíga verði hagað þannig að 20 m breitt helgunarsvæði reiðvega náist sem víðast. Þar sem aðstæður leyfa ekki 10 m aðskilnað, verða gerðar sértækar ráðstafanir til að draga úr hugsanlegum truflunum.

Skipulagsnefndin samþykkti framlagða tillögu með tilgreindum breytingum og vísaði tillögunni til bæjarráðs og bæjarstjórnar til afgreiðslu. Nefndin vísaði jafnframt til afgreiðslu umsagna bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir og ábendingar sem samþykkt var á fundi nefndarinnar 14. mars 2006 og í bæjarstjórn 17. mars 2006. Með tilvísun í ofangreinda afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkir bæjarstjórn 2. maí 2006 tillögu að deiliskipulagi Rjúpnahæðar - norðurhluta, dags. 14. nóvember 2005. Bæjarstjórnin staðfesti jafnframt samþykkt sína frá 17. mars 2006 sem varðar umsagnir bæjarskipulags um athugasemdir og ábendingar er bárust er tillagan var auglýst í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Er umsögnin dagsett 7. mars 2006 og henni breytt 14. mars 2006.

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 23 nýjum einbýlishúsum á 4,7 ha svæði í norðanverðri Rjúpnahæð. Þéttleiki deiliskipulagsins samsvarar um 5 íbúðum að meðaltali á hvern ha og nýtingarhlutfall fyrir einstakar lóðir er um 0,3. Aðkoma að deiliskipulagssvæðinu verður um Ásakór sem tengist Rjúpnavegi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun ásamt athugasemdum og umsögnum um það. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun dags. 27. september 2006. Athugasemdum var svarað með erindi dags. 6. október 2006.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. október 2006.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2006